

# SÚÐAVÍKURHREPPUR

## FUNDARGERÐ

**ÞRIÐJUDAGINN 13. DES. 2017. VAR HALDINN 18. FUNDUR SKIPULAGS OG  
BYGGINGARNEFNDAR SÚÐAVÍKURHREPPS KL 16.00  
KJÖRTÍMABILIÐ 2014-2018**

**Mættir eru: Helgi Bjarnason formaður, Salvar Baldursson og Birgir Ragnarsson**

**Árni Traustason, skipulagsfulltrúi og Pétur G. Markan sveitarstjóri.**

**Formaður athugar með fundarboð. Engin athugasemd gerð við fundarboð.**

**Formaður býður nefndarmönnum að taka til fyrsta dagskrárliðar.**

### Dagskrá:

- Erindi Jóns Pálssonar f.h. Saltverksins í Reykjanesi. Óskað er eftir að reisa tvo skúra, bráðabirgðahúsnæði, annan 18 m<sup>2</sup> fyrir inntaks -og tæknirými og hinn 24 m<sup>2</sup> fyrir umbúðir og lager.
- Erindi Eggerts Einer Nielson um skipulagsmál á Langeyri.
- Erindi Jakobs Jakobssonar um skipulagsmál í Ytri Skálavík í Djúpi.
- Önnur mál.

- Skipulags-og byggingarnefnd vekur athygli á því að ekki er í gildi deiliskipulag í Reykjanesi. Í gildi er aðalskipulag Súðavíkurhrepps 1999-2018 sem gerir ráð fyrir vistvænni athafnastarfsemi í Reykjanesi.

Úr stefnumörkun í greinargerð með aðalskipulaginu: Í Reykjanesi er gert ráð fyrir athafnastarfsemi. Þar er einkum horft til vistvænnar starfsemi sem notar jarðhita svo sem gróðurhúsaræktun eða annar léttur iðnaður. (grein 3.3.2 Iðnaðar-og athafnasvæði)

Byggingar-og skipulagsnefnd vísar til þessa í aðalskipulagi og beinir því til sveitarstjórnar að hún samþykki umbeðnar byggingar þegar lagðir verði fram greinarbetri áritaðir uppdættir af til þess bærum hönnuðum ásamt skráningartöflu allra bygginga Saltverksins.

- Afgreiðslu erindis frestað. Byggingarfulltrúa falið að kalla eftir frekari upplýsingum.
- Byggingarnefnd beinir málinu til heildarendurskoðunar aðalskipulags sem er í gangi, til að koma til móts við þessar óskir.
- Önnur mál.

Ekki fleira gert. Fundi slitið 16:50.

Sign

Guðmundir Birgir Ragnarsson

Salvar Baldursson

Helgi Bjarnason

Ekkert fleira gert. Fundi slitið 17: 58